



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
FÉLAGS- OG MANNVÍSINDAEILD



# MEISTARANÁM Í UPPLÝSINGAFRÆÐI

FJARNÁM - STAÐNÁM



# MEISTARANÁM Í UPPLÝSINGAFRÆÐI

## FJARNÁM - STAÐNÁM

- **MIS í upplýsingafræði (Master of Information Science)**  
- Nám fyrir fólk sem lokið hefur háskólaprófi í annarri námsgrein en upplýsingafræði.
- **MA í upplýsingafræði (Magister Artium)** - Nám ætlað þeim sem lokið hafa BA-prófi í bókasafns- og upplýsingafræði eða upplýsingafræði.
- **Diplómanám í upplýsingafræði** - Nám sem hentar þeim sem lokið hafa BA-, BS- eða sambærilegu prófi.
- **Doktorsnám í upplýsingafræði.**

Upplýsingafræði byggir á kunnáttu á eðli og einkennum upplýsinga og þekkingar. Stórtækar framfarir hafa orðið á möguleikum á þessu sviði og er kunnátta á hinum fjölmörgu þáttum sem tengjast öflun, skipulagningu, varðveislu, miðlun og notkun þekkingar og upplýsinga ein meginforsenda þess að hægt sé að nýta þekkingu af hagkvæmni.



Með hverjum áfanga í upplýsingafræði hefur áhugi minn aukist jafnt og þétt á þessu þarfa og gagnlega námi. Að mínu mati er námið vel uppbyggt, bæði fræðilegt og hagnýtt sem gefur færi á að tileinka sér nýjungar á sviðinu og kynnast af eigin raun vinnubrögðum við skipulag upplýsinga og þekkingarmiðlunar. Að loknu diplóma var heitasta óskinn að halda áfram námi til meistaraáráðu sem er núverandi viðfangsefni. Fyrir mig er þetta námið sem styður við fagleg gildi á traustum grunni og gefur auk þess fullt af hugmyndum um hvað fólk með þessa menntun getur áorkað til úrbóta fyrir þjóðfélagið, stofnanir þess og fyrirtæki.

*Jóna Jakobsdóttir, MIS-nemi í Upplýsingafræði og þekkingarmiðlun, skrifstofustjóri hjá Reiknistofu bankanna.*

Nemendur í upplýsingafræði taka öll skyldunámskeið í MIS-náminu. Þeir geta sérhæft sig í tilteknum námsleiðum. Sérhæfingin felst í því viðfangsefni sem nemendur velja fyrir lokaritgerð, viðeigandi aðferðafræði- og valnámskeiðum auk málstofu.

Kennsla í upplýsingafræði er bæði fræðileg og hagnýt. Skipulag námsins tekur mið af þeim miklu og hröðu breytingum sem orðið hafa á starfsumhverfi upplýsingafræðinga.

Nemendur geta valið um að taka námskeið í greininni í fjarnámi, staðnámi eða blöndu af þessu tvennu. Fyrirkomulagið býður upp á að hægt sé að stunda námið jafnhliða vinnu.

Nemendur geta sótt um lögverndað starfsheiti til mennta- og menningarmálaráðuneytisins að meistaranámi loknu.

## NÁMSLEIÐIR

### MIS í upplýsingafræði – 120e.

Þeir sem taka MIS-próf ljúka tilteknum skyldunámskeiðum í upplýsingafræði og ritgerð (30e) auk valnámskeiða. Námið er hægt að taka á tveimur árum. Það er ætlað þeim sem lokið hafa háskólagráðu í annarri grein en upplýsingafræði með fyrstu einkunn. Nemendur geta annaðhvort valið MIS-námsleið eða tiltekna sérhæfingarleið í MIS-náminu.

### MA í upplýsingafræði – 120e.

Þeir sem taka MA-próf í upplýsingafræði bæta við sig tveimur árum í sjálfstæðu fræðilegu rannsóknarnámi. Það felst annars vegar í lokaritgerð og hins vegar í námskeiðum á völdum sviðum svo og námskeiðum í rannsóknaraðferðum og kenningum. Inntökuskilyrði er BA-próf í bókasafns- og upplýsingafræði eða upplýsingafræði með fyrstu einkunn. Nemendur geta valið um að skipuleggja námið í samráði við leiðbeinanda eða valið tiltekna sérhæfingarleiðir í MA-náminu.

MA í upplýsingafræði með áherslu á margbreytileika – 120e. Náminu er ætlað að veita nemendum fræðilega og hagnýta þekkingu í upplýsingafræði í margbreytileika nútímasamfélaga. Það felst annars vegar í lokaritgerð og hins vegar í skyldu- og valnámskeiðum. Inntökuskilyrði er BA-próf í bókasafns- og upplýsingafræði eða upplýsingafræði með fyrstu einkunn.

---

## Diplómanám á meistarastigi – 30e

---

Diplómanám í upplýsingafræði er hlutanám í eitt ár þar sem eingöngu er um námskeið að ræða, alls 30 einingar. Inntökuskilyrði er BA-, BS- eða sambærilegt próf. Nemendur sem ljúka diplómanámi með fyrstu einkunn geta fengið námið metið inn í MIS- eða MA-nám, kjósi þeir að ljúka meistaraþrófi í greininni.

## KJÖRSVIÐ

### **MIS-nám, MA-nám og diplómanám. Sérhæfing í stjórnun og stefnumótun safna og annarra upplýsingastofnana. Áherslur í þessari námsleið eru meðal annars:**

- Stjórnun og stefnumótun, starfsþættir í rekstri
- Stjórnsýsla og starfsumhverfið, lög og reglugerðir og alþjóðlegar yfirlýsingar
- Upplýsingastefnur og þróun starfsemi safna
- Bókasafn 2.0
- Starfs- og þjónustuumhverfi framtíðarbókasafna
- Alþjóðleg og innlend samvinna
- Upplýsingatækni, einkenni rafræns safnkosts, rafbækur, raftímarit, ofl.
- Uppbygging safnkosts, umsýsla, samningar og samskipti við birgja
- Opinn aðgangur að rafrænu efni, hlutverk, stefnumótun og innleiðing
- Rekstur rafrænna gagnasafna og upplýsingakerfa
- Upplýsingastjórnun, stafræn varðveisla og miðlun



Ég hóf nám í upplýsingafræði vegna þess að námsúrvalið var fjölbreytt og spennandi. Ég valdi fög á öllum námsleiðum en sérhæfði mig á endanum í skjalastjórn. Námið hefur reynst mér vel og ég var vel undirbúin fyrir atvinnumarkaðinn. Vegna þess hve námið er víðfemt er starfsvettvangurinn það líka og mér finnst gott að vita að ég get sótt um störf í gæðastjórnun, verkefnastjórnun og vefstjórnun svo fátt eitt sé nefnt.

*Þorgerður Magnúsdóttir, MIS í upplýsinga- og skjalastjórn og rafrænum samskiptum hjá skipulagshéildum, 2009. Skjalastjóri hjá Sjóvá.*

### **MIS-nám, MA-nám og diplómanám: Sérhæfing í upplýsinga- og skjalastjórn og rafrænum samskiptum hjá fyrirtækjum og stofnunum. Áherslur í þessari námsleið eru meðal annars:**

- Upplýsingastjórnun í fyrirtækjum og stofnunum
- Skjalastjórnun í fyrirtækjum og stofnunum
- Laga-, reglugerðar- og staðlaumhverfi m.t.t. skjala og upplýsinga
- Rafræn upplýsingakerfi, þ.á.m. rafræn skjalastjórnarkerfi
- Upplýsingaöryggi skjala á pappír og í rafrænum miðlum
- Rafræn viðskipti m.t.t. skipulagningar upplýsinga og staðla
- Rafræn stjórnsýsla og upplýsingagjöf stjórnvalda
- Samfélagsmiðlar og upplýsinga- og skjalastjórn m.t.t. aðgengis og varðveislu efnis
- Fjarvinna og upplýsinga- og skjalastjórn m.t.t. aðgengis og varðveislu efnis
- Gæðastjórnun í fyrirtækjum og stofnunum
- Þekkingarstjórnun í fyrirtækjum og stofnunum
- Markaðssetning upplýsinga- og skjalastjórnar
- Innleiðing upplýsingakerfa og stjórnunarþátta í upplýsinga- og skjalastjórn

### **MIS-nám, MA-nám og diplómanám. Sérhæfing í upplýsingafræði og þekkingarmiðlun. Áherslur í þessari námsleið eru meðal annars:**

- Upplýsingaþjónusta, skipulagning og uppbygging
- Rafræn samskipti og fjarþjónusta
- Gæðastjórnun
- Þjónustustjórnun
- Upplýsingastjórnun, leiðir til öflunar og miðlunar þekkingar
- Viðtalstækni
- Upplýsingahegðun og áhrifaþættir
- Kenningar, lögmál og upplýsingalíkön
- Upplýsingalæsi
- Samfélagsmiðlar, upplýsingavefir og önnur rafræn miðlun og öflun þekkingar
- Upplýsingasvæði
- Margbreytileiki í upplýsinga- og þjónustuþörfum
- Þekkingaröflun, tækifæri og hindranir

Nemendum stendur til boða að taka valnámskeið úr öðrum greinum innan HÍ.

# FJARNÁM

Námskeið í upplýsingafræði eru kennd í fjarnámi, staðnámi eða blöndu af þessu tvennu. Það býður upp á að hægt sé að stunda námið jafnhliða vinnu.

# FÉLAGSLÍFIÐ

Katalogos er félag nemenda í upplýsingafræði. Það stendur fyrir uppákomum og heimsóknum á vinnustaði upplýsingafræðinga. Félagið hefur það hlutverk að gæta hagsmuna nemenda og vera þeim til ráðgjafar um mál sem varða námið – [www.nemendafelog.hi.is/katalogos](http://www.nemendafelog.hi.is/katalogos).

# KENNDARAR

Fastir kennarar í námsbrautinni eru Ágústa Pálsdóttir, MA, PhD, prófessor og formaður námsbrautar í upplýsingafræði, [agustap@hi.is](mailto:agustap@hi.is); Jóhanna Gunnlaugsdóttir, MSc (Econ), PhD, prófessor, [jg@hi.is](mailto:jg@hi.is); Ragna Kemp Haraldsdóttir MA, aðjúnt, [rh@hi.is](mailto:rh@hi.is); og Sigríður Björk Einarsdóttir, MA, aðjúnt, [sbe4@hi.is](mailto:sbe4@hi.is)

Auk fastra kennara koma að kennslunni öflugir stundakennarar með mikla reynslu úr atvinnulífinu.

Upplýsingafræði byggir á kunnáttu á eðli og einkennum upplýsinga og þekkingar. Stórtækar framfarir hafa orðið á möguleikum á þessu sviði og er kunnáttu á hinum fjölmörgu þáttum sem tengjast öflun, skipulagningu, varðveislu, miðlun og notkun þekkingar og upplýsinga ein meginforsenda þess að hægt sé að nýta þekkingu af hagkvæmni.

Skrifstofa Félags- og mannvísindadeildar · Gimli við Sæmundargötu · 101 Reykjavík · Sími 525 5444 · [fom@hi.is](mailto:fom@hi.is)



HÁSKÓLI ÍSLANDS  
FÉLAGS- OG MANNVÍSINDAEILD

